

Ytra mat á
grunnskóla-
starfi
Ársskýrsla
2020

Þóra Björk Jónsdóttir
Janúar 2021

Ytra mat grunnskóla, ársskýrsla 2020

ISBN 978-9979-0-2680-8

© 2021 Þóra Björk Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2021

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Í stuttu máli	5
Mat á grunnskólum 2020	7
Nánari greining viðmiða og vísbendinga metinna grunnskóla 2020.	8
Stjórnun og fagleg forysta	10
Nám og kennsla.	11
Innra mat	11
Frekari nýting gagna sem aflað er við ytra mat	12
Greining kennslustunda	12
Kennsluáherslur kennara.	13
Samvinna og einstaklingsvinna nemenda	14
Upplýsingatækni í námi og kennslu	14
Greining eftir kennslugreinum.	15
Lokaorð	18
Áhersla stjórnvalda á ytra mat.	18
Viðauki 1.	19
Yfirlit yfir metna grunnskóla frá 2013	19
Viðauki 2.	22
Ferli og tímalína ytra mats grunnskóla	22

Inngangur

Skýrsla þessi fjallar um ytra mat á 13 grunnskólum sem Menntamálastofnun sá um fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga árið 2020. Áætlað var að meta 27 grunnskóla enn vegna aðstæðna í samfélaginu af völdum Covid-19 varð að fresta mati á 14 skólum.

Teknar eru saman lykiltölur og heildarniðurstöður ytra mats þeirra grunnskóla sem metnir voru. Niðurstöður gefa góðar vísbendingar um hvernig skólastarfi er háttað í metnum skólum. Þungamiðja matsins eru þrír þættir sem hafa hvað mest áhrif á gæði skólastarfs þar sem megínáhersla er á nám og árangur nemenda. *Þættirnir eru kennsla og nám, stjórnun skóla og innra mat.*

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera hvati til frekari skólaþróunar.

Meginstef ytra mats er að það sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betri skóla. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir.

Ytra mat á grunnskólum var endurskoðað 2017 til 2018 í ljósi reynslu matsins frá árinu 2013. Fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands tóku þátt í því. Ný viðmið voru unnin, verklag var endurskoðað og ákveðið að efla framkvæmd þannig að fleiri grunnskólar væru metnir á ári. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fjármagnar fyrir hönd sveitarfélag hluta af ytra mati grunnskóla á móti ríki. Menntamálastofnun hefur umsjón með mati á grunnskólum utan Reykjavíkur en skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sér um mat á grunnskólum borgarinnar og skilar greinargerð til ráðuneytis þar um.

Áður hefur verið tekin saman skýrsla um ytra mat á grunnskólastarfi sem fram fór á tímabilinu 2013 til haustsins 2018. Þar eru heildarniðurstöður ytra mats sem fram fór á því tímabili settar fram. Einnig hafa verið unnar skýrslur um ytra mat haustið 2018 og ársskýrsla 2019. Í skýrslunni frá 2018 er uppbygging ytra mats á grunnskólum eftir endurskoðun kynnt ásamt niðurstöðum þeirra 12 skóla sem metnir voru það haust og í ársskýrslu 2019 er gerð grein fyrir þeim 26 skólum sem þá voru metnir.

Samantekt þessi fjallar einungis um ytra mat grunnskóla en Menntamálastofnun hefur einnig með höndum ytra mat á leikskólum og framhaldsskólum.

Í stuttu máli

Metnir voru 13 grunnskólar en 14 skólum var frestað vegna Covid-19.

Flestir voru skólarnir utan höfuðborgarsvæðisins.

Nemendafjöldi í skólunum var frá fjórum til 610.

Meirihluti skólanna var með samkenndu árganga.

Heildarmeðaltalsniðurstöður metinna skóla eru eftirfarandi:

- Stjórnun og fagleg forysta fær 86% matsþátta metna sem mjög gott eða gott verklag.
- Náms og kennsla er með 65% matsþátta metna sem mjög gott eða gott verklag.
- Innra mat er með 35% matsþátta metna sem mjög gott eða gott verklag.

Heildarniðurstöður ytra mats grunnskóla og matsþættir hafa skilað sambærilegum niðurstöðum frá árinu 2013, Að meðaltali eru skólar metnir árið 2020 með svipaða matsniðurstöðu og meðaltal metinna skóla árið 2019, en heldur slakara.

Þegar litið er til þess sem er ábótavant kemur fram að samráð skortir við hagsmunaaðila við stefnumótun og skipulag. Kennsluhættir einkennast af beinni kenndu, lítil samvinna og skoðanaskipti í námi einkennir náms og kennsla sem og skortur á notkun markmiða eða hæfniviðmiða sem leiðarljóss í námi og kenndu. Sjaldan er námsaðlögun skráð eða skipulögð. Mikil umbótaþörf er metin í innra mati skólanna.

Kennduáherslur:

- 75% metinna kenndustunda voru metnar með fræðandi kennduáherslum.
- 7% voru metnar með leiðbeinandi áherslum.
- 19% voru metnar með blöndu af fræðandi og leiðbeinandi áherslum.

Þetta er sama mynstur og sést hefur frá upphafi matsins í núverandi formi. Matsniðurstöður ársins 2020 lýsa meiri fræðandi kenndu en var árið 2019 en hún mældist þá 62%.

Námsaðstæður:

- Nemendur unnu einir að verkefnum sínum í 63% metinna kenndustunda.
- Samvinna var skipulögð um nám í 12% metinna kenndustunda.
- Bæði samvinna og einstaklingsvinna var í 25% metinna kenndustunda.

Einnig hér er sama mynstur og verið hefur. Tölurnar eru nær þær sömu og voru um námsaðstæður nemenda árið 2019.

Notkun upplýsingatækni í skólastarfi:

- Nemendur nýttu UT að einhverju marki til náms í 32% metinna kennslustunda.
- Kennarar notuðu UT til kennslu í 22% metinna kennslustunda.


Hér hefur orðið merkjanleg aukning undanfarin ár. Fram til 2018 var meðaltalið á þessari nýtingu 11% hjá nemendum og 12% hjá kennurum, en nú hafa nemendur þrefaldað notkunina og kennarar tvöfaldað. Sjá nánar skilgreiningu á notkun UT bls. 14.

Við nánari greiningu kennslustunda í íslensku sést ekki mikill munur á kennsluáherslum kennara eða námsaðstæðum nemenda eftir aldursstigum grunnskóla.

Mat á grunnskólum 2020

Öll umsjón með ytra mati grunnskóla og ábyrgð er hjá Menntamálastofnun. Starfsmenn ytra mats grunnskóla bera ábyrgð á boðun skóla í matsferlið, ráða matsaðila til verksins, eru ráðgefandi fyrir matsaðila meðan á mati stendur og halda utan um alla þræði matsins. Samþykkt verklag er við ytra mat sem kveður á um að sveitarstjóra og skólastjóra sé tilkynnt um ytra mat á tilteknum skóla með tveggja mánaða fyrirvara (sjá viðauka 2). Þá taka við samskipti skóla og þeirra matsaðila sem tekið hafa að sér að meta skólann. Að jafnaði meta tveir matsmenn hvern skóla, en þegar nemendafjöldi er mikill fer þriðji aðili með í kennslustundaathuganir. Framkvæmd matsins á einstökum skólum getur bæði verið í höndum matsaðila frá Menntamálastofnun eða sérstökum verk tökum sem hafa verið ráðnir í verkefnið. Rétt er að nefna að matsaðilar lúta ýmsum kröfum og skilyrðum, svo tryggt sé að matið verði faglegt, áreiðanlegt og réttmætt. Samráðsfundir allra matsaðila eru tveir á ári þar sem farið er yfir verklag og framkvæmd matsins og álitamál rædd.

Árið 2020 var áætlað að meta 27 grunnskóla. Aðstæður í samfélaginu og í skólahaldi breyttust á vorönn vegna Covid-19 þar sem skólahald var skert og takmarkanir á aðkomu utanaðkomandi aðila inn í skólana. Af þeim sökum voru aðeins metnir sex grunnskólar á vorönninni og fresta varð mati á skólum fram á haustönn. Þegar matið á haustönn var hafið komu aftur upp erfiðar aðstæður fyrir ytra mat vegna Covid-19 þannig að þá voru aðeins metnir sjö grunnskólar. Topparnir tveir á mynd 1 sýna aðstæður sem voru í samfélaginu þegar mati var frestað á vor- og haustönn 2020.



Mynd 1. Fjöldi í einangrun innanlands árið 2020. Heimild: Vefur landlæknis.

Skólar báðust undan mati við þessar aðstæður og ákveðið var að fresta ytra mati alfarið þegar ljóst var að skólalald væri ekki með eðlilegum hætti í skólum. Algengt var að skóladagur væri skertur hjá nemendum og ekki væru kenndar list- og verkgreinar. Mat hófst að nýju að höfðu samráði við ráðuneyti og samband íslenskra sveitarfélaga.

Skólarnir eru mjög fjölbreyttir að stærð og gerð, frá örskólum með undir tíu nemendur í 610 nemenda skóla, skólar í þéttbýli og dreifbýli og dreift um land allt. Fámennir skólar með samkenntu árganga og stórir skólar með marga námshópa eða bekki í hverjum árgangi. Tafla 1 sýnir skólana 13 sem metnir voru árið 2020 og nemendafjölda þeirra.

Tafla 1. Grunnskólar metnir árið 2020.

Vorönn	Nemendafjöldi	Haustönn	Nemendafjöldi
Flóaskóli	103	Auðarskóli	81
Grunnskóli Hornarfjarðar	245	Álftanesskóli	407
Grunnskólinn í Hofgarði	4	Djúpavogsskóli	90
Hlíðarskóli Eyjafirði	20	Grunnskóli Drangsness	8
Lundarskóli	463	Grunnskólinn Hólmavík	43
Sunnulækjarskóli	716	Seyðisfjarðarskóli	63
		Öldutúnsskóli	610

Alls unnu níu matsaðilar við mat á grunnskólum á vegum Menntamálastofnunar auk tveggja starfsmanna stofnunarinnar. Metur hver matsaðili einn til sex skóla á ári. Matsdagur í skóla eru frá tveimur til fimm eftir stærð skóla. Sjálft matið tekur mun lengri tíma með skipulagningu og gagnarýni til undirbúnings, mati á gögnum og vettvangsathugunum ásamt framsetningu og ritun niðurstaðna í matsskýrslu. Niðurstöðum á ytra mati hvers grunnskóla er skilað með skýrslu um matið. Sveitarstjórn ásamt skólastjóra bera ábyrgð á gerð umbótaáætlunar í kjölfar matsins. Skýrslan er opinber þegar sveitarstjórn hefur fengið hana og umbótaáætlunin þegar hún er fullbúin. Opinberar skýrslur og umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu Menntamálastofnunar.

Nánari greining viðmiða og vísbendinga metinna grunnskóla 2020.

Hver skóli fær sínar niðurstöður þar sem dregin er fram staða skólans. Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt í skýrslunni með lituðum kvarða þar sem hver hinna 16 matsþátta fær lit eftir samtölu vísbendinganna. Skólar fá þannig niðurstöður matsins sem litaðan skólaprófil en ekki einkunnastigin. Hver matsþáttur byggir á mörgum vísbendingum sem fá einkunn á kvarðanum 1 til 4. Heildarmeðaltöl þeirra 13 skóla sem metnir voru árið 2020 má sjá í töflu 2. Þar kemur einnig fram heildarmeðaltöl skólanna 26 sem metnir voru árið 2019.

Tafla 2. Meðaltal viðmiða metinna skóla árið 2020

		Meðaltal 2020 13 skólar	Meðaltal 2019 26 skólar
	Stjórnun og fagleg forysta- heildareinkunn	3,0	3,2
Matsþáttur	Samvirkni í stefnumótun	3,1	3,1
	Faglegt samstarf og samræða	3,2	3,3
	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	2,9	3,1
	Umbætur og innleiðin breytinga	2,8	3,1
	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	2,9	3,2
	Starfsmannastjórnun og verkaskipting	3,0	3,3
	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	3,1	3,3
	Nám og kennsla - heildareinkunn	2,7	2,9
Matsþáttur	Inntak og námskrá	2,8	2,9
	Árangur náms	2,8	3,0
	Gæði kennslu	2,7	2,9
	Skipulag náms	2,8	3,1
	Námsvitund	2,5	2,8
	Ábyrgð og þátttaka	2,8	3,0
	Innra mat - heildareinkunn	2,4	2,5
Matsþáttur	Skipulag	2,5	2,6
	Framkvæmd	2,4	2,6
	Umbætur	2,4	2,4

Skólarnir sem metnir voru eru að sýna í meðallagi gott verklag á matsþáttum stjórnunar og faglegar forystu með meðaltalið þrjá, en þrjár af sjö matsþáttum eru með undir þremur í einkunn.

Skólarnir koma slakar út á matsþáttum náms og kennslu. Allir matsþættir er undir þremur í einkunn, þar koma fram veikleikar sem þarf að bæta.

Heildarmeðaltalseinkunn innra mats skólanna er almennt slök. Umbóta er þörf hjá skólum varðandi innra mat, þar eru allir þættir í eða undir tveimur og hálfum.

Nánari greining á hlutfalli þeirra matsviðmiða hvers matsþáttar sem þarfnast umbóta eða eru með óviðunandi verklag er sett fram í töflu 3.

Tafla 3. Hlutfall viðmiða með gott eða mjög gott verklag og viðmiða þar sem umbóta er þörf eða verklag er óviðunandi.

Matsþáttur	Meðaltal allra 13 skólanna	Mjög gott og gott verklag 2,5 – 4,0	Mikilvægir þættir þarfnast umbóta og óviðunandi verklag 1,0 – 2,4
Stjórnun og fagleg forysta	3,0	86%	14%
Nám og kennsla	2,7	65%	35%
Innra mat	2,4	35%	65%

Fram kemur að flestir þættir sem snúa að stjórnun og faglegri forystu teljast gott eða mjög gott verklag hjá metnum skólum 2020. Hvað varðar nám og kennslu þarf hins vegar að bæta þriðjung þáttanna sem metnir voru hjá skólunum og varðandi innra mat þarf að bæta tvo þriðju af metnum þáttum. Svipuð samantekt var unnin fyrir skólana 26 sem metnir voru 2019. Þá kom fram alveg sama mynstur í niðurstöðum, en aðeins lægra hlutfall var í umbóta dálkinum þá en nú.

Samtala allra skólanna segir ekki mikið um hvað það er sem helst þarf að bæta en ef vísbendingar sem mynda hvern matsþátt eru skoðaðar betur koma fram upplýsingar sem hægt er að nýta við að greina hvað þarf að hafa í huga við skipulag heildarumbóta í skólastarfi.

Niðurstöður mats hveftrar vísbendingar, en þær eru alls 177 í matstækinu, eru greindar nánar út frá meðaltali skólanna 13 sem metnir voru árið 2020. Á þann hátt má sjá hvar styrkleikar skóla liggja og hvaða þættir þarfnast umbóta. Hafa verður í huga hversu fjölbreyttir skólarnir eru eins og fram kemur í töflu 1. Þessar upplýsingar geta nýst við stefnumótun skólastarfs og skipulag starfsþróunar. Styrkleiki telst ef vísbendingar eru með meðaltal 3,6 eða meira á skalanum 1 til 4. Þær vísbendingar þar sem umbóta er verulega þörf eru með meðaltal milli 1 og 2,5.

Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnunarpátturinn kemur almennt vel út í ytra mati. Nokkuð er um vísbendingar sem ná að vera **styrkleiki** þegar meðaltal skólanna er reiknað. Hér eru þær flokkaðar saman eftir efni þegar við á.

- Í daglegu tali og frétttaflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfi.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.

Umbótaþörf sem fram kemur þegar heildarniðurstöður stjórnunar og faglegrar forystu eru skoðaðar.

- Skortur á samráði við alla hagsmunaaðila er rauður þráður. Misbrestur er á að samráð sé haft við foreldra og nemendur og aðra hagsmunaaðila um skipulag skólastarfs, við stefnumótun og gerð eða endurskoðun skólareglna. Kynna þarf stoðþjónustu skóla betur fyrir foreldrum.

- Misbrestur er á þátttöku fulltrúa grenndarsamfélagsins í skólaráðum, hversu reglulega skólaráð fundar og að það taki virkan þátt í stefnumótun.
- Skrá þarf verklag um hvernig gögn um árangur og líðan, s.s. kannanir og skimanir, eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda. Einnig þarf að skrá betur framgang þróunarverkefna sem unnið er að.
- Stjórnendur þurfa að fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita kennurum endurgjöf.

Nám og kennsla

Af 68 vísbendingum um nám og kennslu telst aðeins ein vera **styrkleiki** þegar meðaltal skólanna er reiknað.

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Umbótaþörf kemur víða fram þegar heildarniðurstöður náms og kennslu eru skoðaðar. Hér eru vísbendingar flokkaðar saman eftir efni.

- Rauður þráður sem kemur fram við vettvangsathuganir á kennslu er hvað umræður og skoðanaskipti eru lítið notuð sem hluti af námi og kennslu. Einnig er samvinna og samstarf nemenda sjaldan markvisst þjálfað eða notað í námi og kennslu. Eins og fram kemur betur síðar skýrslunni eru náms- og kennsluhættir sem reyna á gagnrýna hugsun og vitsmunalegar áskoranir ekki oft sýnilegir í þeim kennslustundum sem matsmenn hafa metið.
- Skrá þarf og setja fram viðmið um árangur sem stefnt er að tengt námsgreinum og lykilhæfni og hvernig stefnt er að því að auka árangur nemenda. Gera þarf nemendum betur grein fyrir markmiðum náms og viðmiðum um árangur. Kenna þarf nemendum að setja sér og taka þátt í að setja sér markmið í námi. Í námsvísunum og áætlunum um kennslu þarf að koma fram hvernig námsaðlögun er háttað í námsgreinum eða viðfangsefnum.
- Efla má samvinnu kennara við skipulag og framkvæmd kennslu.
- Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans þurfa að fá til þess þjálfun og sjá verður til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.

Innra mat

Innra mati er mjög oft ábótavant hjá grunnskólum sem metnir voru 2020 og hefur verið þannig frá því matið hófst 2013. Engin vísbending nær að teljast styrkleiki þegar meðaltalið er reiknað.

Mikil **umbótaþörf** er í innra mati. Næstum allar vísbendingar sem settar eru fram í innra mati þarfnast umbóta þegar heildarniðurstöður eru skoðaðar. Verulegra umbóta er þörf á 19 af 29 vísbendingum við innra mat. Þessar eru þar helstar:

- Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer sjaldan fram.

- Ekki eru skilgreind viðmið um árangur fyrir markmið skóla og mat á markmiðum fer ekki fram.
- Niðurstaðna ytra mats á námi nemenda, svo sem Lesferils eða samræmdra könnunarprófa, er sjaldan getið í innra mati eða sett fram viðmið um árangur tengd námi nemenda.
- Aðkoma hagsmunaaðilar skólasamfélagsins að innra mati er víða ábótavant og þeim er ekki skipulega gerð grein fyrir niðurstöðum innra mats.
- Aðferðir við innra mat eru ekki endurskoðaðar.
- Greinargerð um innra mat og gerð umbótaáætlana er ábótavant.

Frekari nýting gagna sem aflað er við ytra mat

Hér að framan hefur verið skoðað og greint hvar helst er umbóta þörf, út frá metnum skólum. Einnig er hægt að skoða hvernig kennslu er háttað með því að greina kennslustundaathuganir nánar. Vettvangsathuganir ytra mats veita gagnlegar upplýsingar hverju sinni, um kennsluhætti kennara og það námsumhverfi sem nemendum er skapað innan skipulagðra kennslustunda.

Markviss gagnaöflun við ytra mat og úrvinnsla þeirra er helsta leið ábyrgðaraðila skólastarfs, ríkis og sveitarfélaga, til að leggja raunsonn gögn til grundvallar stefnumótunar um skólaþróun og umbætur. Gögnin sem þannig safnast verða mikilvæg heimild um skólastarf á Íslandi. Þau hjálpa til við að skapa mynd af starfi í íslenskum grunnskólum, með öðrum gögnum sem aflað er. Önnur gögn geta verið samræmd könnunarpróf og PISA athugun þar sem metinn er árangur nemenda í tilteknum námsgreinum og TALIS könnunin sem endurómar sýn stjórnenda og kennara á það skólastarf sem fram fer.

Greining kennslustunda

Árið 2020 var farið í vettvangsathugun í 291 kennslustund. Þar af voru 121 hjá nemendum í 1.–4. bekk, 113 hjá nemendum í 5.–7. bekk og 98 hjá 8.–10. bekk. Samanlagt eru þetta fleiri kennslustundir en metnar kennslustundir þar sem kennslustundir teljast stundum oftast en einu sinni vegna samkennslu árganga. Átta af þeim 13 skólum sem metnir voru eru fámennir skólar með samkennslu árganga.

Farið var í 82 íslenskutíma, 65 stærðfræðitíma, 53 list- og verkgreinatíma, 26 samfélagsfræðitíma, 25 enskutíma, 18 náttúrufræðitíma, 13 tíma í skólaíþróttum, 12 dönskutíma og fjóra tíma í upplýsingatækni. Að auki voru matsmenn í tímum sem skilgreindir voru á ýmsan hátt svo sem: bekkjartími, samvera, lífsleikni, félagsfærni, hugleiðsla, námsráðgjöf eða umsjón. Tímar eru tvítaldir að hluta þar sem stundum eru kenndar fleiri námsgreinar í einu.

Til að skoða þróun eru annars vegar settar fram niðurstöður allra metinna grunnskóla frá 2013 og hins vegar mat grunnskólanna árið 2020.

Frá árinu 2013 hafa alls verið 2624 vettvangsathuganir í kennslustundum. Matsmenn meta kennslustundir hjá að minnsta kosti 70% kennara hvers skóla, í smærri skólum hjá öllum kenn-

urum. Heimsóttar eru kennslustundir hjá öllum árgöngum og reynt er að fara til allra umsjónar-kennara. Leitast er við að fá sem fjölbreyttasta mynd af námsaðstæðum í ólíkum námsgreinum.

Við kennslustundaathugun er ýmsum gögnum safnað og hver stund er einnig metin í heild sinni. Kennurum er boðið að fá endurgjöf á þær kennslustundir sem matsmenn hafa verið í.

Við greiningu kennslustunda er meðal annars skoðað:


- Hverjar eru helstu áherslur í kennsluathöfnum kennara.
- Hvernig er samvinna nemenda háttáð við námið .
- Hvernig er notkun nemenda og kennara á upplýsingatækni í námi og kennslu.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvað ytra mat á grunnskólum hefur leitt í ljóst fyrir hvern þessara þátta.

Kennsluáherslur kennara

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má beina yfirfærslu (hér nefnt fræðandi), hugsmíðahyggju (hér nefnt leiðbeinandi) eða blöndu af hvorutveggja. Hugtökin sem notuð eru við ytra mat eru fræðandi og leiðbeinandi kennsluáherslur.¹

Mikill hluti af kennslustundum (75%) eru fræðandi og einkennist af því að kennari er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Í 7% af metnum kennslustundum sjá matsmenn leiðbeinandi kennsluáherslur þar sem kennarinn stýrir framvindu eða skipuleggur rannsóknarmiðað nám, leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleyti sem reynir á rökhugsun nemenda þar sem frumkvæði og ábyrgð getur verið hjá nemanda. Í 19% kennslustundanna er blanda af þessum kennsluathöfnum. Þetta hlutfall hefur lítið breyst síðan matið hófst 2013, en sjá má hvernig heildarmyndin lítur út í samanburði á mynd 2.




Mynd 2. Hlutfall metinna kennslustunda þar sem kennsluáherslur eru metnar sem fræðandi, leiðbeinandi eða blanda af þeim.

1 Þessi hugtök og skilgreiningar á þeim eru ættuð úr rannsóknum á kennsluháttum, sjá Rúnar Sigþórsson 2008. Skilgreiningar hugtakanna voru bornar saman við þær skilgreiningar sem notaðar eru í TALIS athugun frá 2008 sem vitnað er til í Hvítbók um umbætur í skólasterfi sem mennta- og menningarmálaráðuneyti setti fram 2014 og taldar sambærilegar.

Samvinna og einstaklingsvinna nemenda

Námsaðstæður nemenda eru greindar í aðstæður þar sem samvinna er skipulögð í námi, nám byggir á einstaklingsvinnu og aðstæður þar sem hluti af námstíma er samvinna. Skráð er hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.

Í 63% kennslustundanna eru nemendur einir að vinna verkefni sín og námsaðstæður byggja á einstaklingsvinnu. Í 12% kennslustunda er skipulögð samvinna alla kennslustundina og í 25% metinna kennslustunda vinna nemendur saman að hluta eða hluti nemenda vinnur saman. Lítil breyting hefur orðið á þessu hlutfalli frá upphafi ytra mats eins og sést á mynd 3.




Mynd 3. Hlutfall kennslustunda þar sem námsaðstæður nemenda eru metnar sem samvinna, einstaklingsvinna eða blanda af þeim.

Segja má að almennt uppfylli kennslustundir lágmarksviðmið um að teljast góðar en þegar námsathafnir nemenda eru greindar sem heild koma í ljós einhæfar aðstæður þar sem lítið er um samræður um nám og bein yfirfærsla þekkingar eða verkefnavinna í námsbók einkennir aðstæður nemenda í tveimur þriðja hluta námstímans í skólanum. Nemendum er ekki gerð grein fyrir markmiðum náms eða kennslunnar eins og getið er um fyrr í skýrslunni.

Upplýsingatækni í námi og kennslu

Matsmenn skrá hvort notuð sé upplýsingatækni við nám nemenda eða í kennslu kennara. Skráning um notkun reiknast ef einn eða fleiri nemendur nota upplýsingatækni/snjalltæki eitthvað til náms í kennslustundinni sama hversu stutt það er eða hvað gert er. Þá er einnig skráð hvort upplýsingatækni/snjalltæki séu eitthvað notuð af kennara við kennsluna þá kennslustundina, þar með talið að sýna glærur.

Samantektin sýnir að nemendur nota upplýsingatækni að einhverju marki í 32% kennslustundanna sem metnar voru árið 2020. Kennarar nýta upplýsingatækni við kennslu í 22% kennslustundanna. Þarna kemur fram að notkun upplýsingatækni í námi og kennslu hefur aukist og er það aukning sem hefur sést síðustu árin, sérstaklega hjá nemendum, eins og mynd 4 sýnir.




Mynd 4. Hlutfall metinna kennslustunda þar sem upplýsingatækni er nýtt við nám eða kennslu.

Greining eftir kennslugreinum


Hægt er skoða nánar hvernig einstaka kennslugreinar birtast. Til að gera þá greiningu er hér unnið með allar kennslustundir skólanna 39 sem metnir voru árin 2019 og 2020. Hér á eftir er gerð grein fyrir kennslustundum í íslensku, annars vegar heildartölur og hins vegar eftir stigum, yngsta-, mið- og unglingastig.

Íslenska

Myndir 5 og 6 sýna áherslur í kennslu, annars vegar í 290 kennslustundum allra árganga í íslensku í grunnskólum 2019 og 2020. Hins vegar eru kennsluáðstæður greindar eftir aldurstigum. Matsmenn meta áðstæður í kennslustunum þannig að kennara eru fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum og kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja nemendur út í efnið milli 72% og 85% kennslustundanna eftir stigum en að meðaltali 77% kennslustunda í íslensku allra árganga.




Mynd 5. Hlutfall metinna kennslustunda í íslensku 2019 og 2020 þar sem kennsluáherslur eru metnar sem fræðandi, leiðbeinandi eða blanda af þeim.




Mynd 6. Hlutfall metinna kennslustunda í íslensku 2019 og 2020 þar sem kennsluáherslur eru metnar sem fræðandi, leiðbeinandi eða blanda af þeim. Greint eftir aldurstigum.

Af þessu sést að sama mynstur er hjá öllum aldurstigum grunnskólans, kennarar leggja áherslu á fræðandi vinnubrögð og það eru greinilega mjög ríkjandi kennsluáherslur á unglingsstigi.

Myndir 7 og 8 sýna aðstæður í námi nemenda annars vegar í 290 kennslustundum allra árganga í íslensku í grunnskólum 2019 og 2020. Hins vegar eru námsaðstæður greindar eftir aldurstigum. Matsmenn meta námsaðstæður í kennslustunum þannig að nemendur vinna einir að verkefnum sínum í tveimur þriðju hluta kennslustundanna þegar allir árgangar eru skoðaðir. Þarna er aðeins munur milli aldurstiga, þar sem einstaklingsvinna er ekki eins ríkjandi á miðstigi eða í rúmlega helmingi námstímans í íslensku. Skipulögð samvinna um námið er að einhverju marki í milli 4% og 11% kennslustunda, breytilegt eftir stigum.



Mynd 7. Hlutfall metinna kennslustunda í íslensku 2019 og 2020 þar sem nám nemenda byggir á einstaklingsvinnu, samvinnu eða blöndu af þessu.



Mynd 8. Hlutfall metinna kennslustunda í íslensku 2019 og 2020 þar sem nám nemenda byggir á einstaklingsvinnu, samvinnu eða blöndu af þessu. Greint eftir aldurstigum.

Aðstæður sem nemendum eru skapaðar til náms í kennslustundum einkennast á öllum stigum af því að vera mikil einstaklingsvinna. Eitthvað er þó um að skipulögð er blanda af samvinnu og einstaklingsvinnu en kennslustundir sem eru skipulagðar sem markviss samvinna um nám eru hlutfallslega fáar og nær engar á unglingsstigi.

Hafa ber í huga að þarna er um tungumálakennslu að ræða, það er íslenskukennslu. Áhersla á samræður og samvinnu eru í minnihluta af þessum kennslustundum.

Lokaorð

Fyrirhugað var að ytra mati Menntamálastofnunar á grunnskólum lyki vorið 2021. Vegna Covid-19 frestast það til ársloka 2021. Þar með munu allir grunnskólar landsins hafa farið í ytra mat. Grunnskólar utan Reykjavíkur eru metnir af Menntamálastofnun og skóla- og frístunda-svið Reykjavíkur hefur metið alla grunnskóla borgarinnar. Þá lýkur einnig samkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um matið og þar með kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs.

Ytra mat eins og það hefur verið framkvæmt frá árinu 2013 hefur áunnið sér sess hjá skólasamfélaginu sem mikilvægur og gagnlegur þáttur. Mikil ánægja hefur komið fram um framkvæmd matsins frá aðilum skólasamfélagsins, bæði í könnunum og umfjöllun sem það hefur fengið.

Ríki og sveitarfélög eru að huga að framhaldi ytra mats á grunnskólum þar sem þessum mats-hring með samræmdum viðmiðum er að ljúka. Ákveðið var að ræða samhliða framhaldi ytra mats á grunnskólum hvort ætti að huga að frekari samræmingu ytra mats allra þriggja skóla-stiganna sem Menntamálastofnun heldur utan um, það er leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Áhersla stjórnvalda á ytra mat

Greinilegt er að stjórnvöld ætla ytra mati aukið hlutverk til framtíðar eins og sést á nýjum lögum um menntun, hæfni og ráðningar kennara og skólastjórnenda, í nýjum skýrslum mennta- og menningarmálaráðuneytis sem gera ráð fyrir að endurskoðun og efling innra og ytra mats á skólastarfi verði hluti umbóta í skólastarfi og stefnumótunarskýrslum eins og menntastefnu.

Í lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla kemur fram að setja skuli hæfniramma fyrir kennara sem eigi að vera grunnur að ytra og innra mati á gæðum skólastarfs. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2019.095.html>

Menntun fyrir alla - horft fram á veginn:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=99266f21-3909-11ea-9451-005056bc530c>,

Menntun til framtíðar – aðgerðir og við brögð í kjölfar fundarraðar um menntun fyrir alla og mótun menntastefnu 2030:

https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=d66c7dfd-392d-11ea-9451-005056bc530c&fbclid=IwAR0KEvFyX86kuectUDucz6yBavhL-6erslifIA_3jZ869NasYQ34S1PnLg

Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 var lögð fram á Alþingi í nóvember 2020 en þar kemur fram að efla eigi innra og ytra mat á skóla- og fræðslustarfi.

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0310.html>

Viðauki 1

Yfirlit yfir metna grunnskóla frá 2013

Tafla 4. Fjöldi grunnskóla sem metnir hafa verið eftir árum.

Matsár	Fjöldi grunnskóla
2013	8
2014	10
2015	8
2016	10
2017	10
2018	17
2019	26
2020	13
Samtals	102

2013

Grunnskólinn á Eskifirði
Grunnskóli Reyðarfjarðar
Myllubakkaskóli
Grunnskólinn í Hveragerði
Brekubæjarskóli
Álfhólsskói
Þjórsárskóli
Stóru-Vogaskóli

2015

Grunnskóli Bolungarvíkur
Grunnskóli Fjallabyggðar
Grunnskóli Grundarfjarðar
Grunnskóli Snæfellsbæjar
Grunnskólinn á Suðureyri
Brekuskóli
Oddeyrarskóli
Borgarhólsskóli

2014

Blönduskóli
Dalvíkurskóli
Höfðaskóli
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ
Kirkjubæjarskóli
Salaskóli
Síðuskóli
Vallaskóli
Waldorfskólinn í Lækjarbotnum
Lækjarskóli

2016

Kársnesskóli
Hrafnagilsskóli
Lágafellsskóli
Grenivíkurskóli
Flúðaskóli
Hraunvallaskóli
Vopnafjarðarskóli
Akurskóli
Laugagerðisskóli
Grunnskóli Breiðdalshrepps

2017

Hörðuvallaskóli
Patreksskóli
Bíldudalsskóli
Grunnskólinn í Reykholti
Grunnskólinn á Hellu
Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
Táلكnafjarðarskóli
Glerárskóli
Nesskóli
Hvolsskóli

2018

Húnavallaskóli
Grunnskóli Borgarfjarðar
Grunnskóli Grindavíkur
Flataskóli
Snælandsskóli
Áslandsskóli
Barnaskóli Eyrarbakka- og Stokkseyrar
Brúarásskóli
Egilsstaðaskóli
Garðaskóli
Grunnskólinn austan Vatna
Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Heiðarskóli Reykjanesbæ
Kópavogsskóli
Naustaskóli
Reykhólaskóli
Vatnsendaskóli

2019

Árskógarskóli
Hvaleyrarskóli
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði
Kerhólsskóli
Bláskógaskóli Laugarvatni

Lindaskóli
Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli
Njarðvíkurskóli
Giljaskóli
Nú
Grundaskóli
Reykjahlíðarskóli
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar
Sjálalandsskóli
Grunnskóli Raufarhafnar
Smáraskóli
Grunnskóli Önundarfjarðar
Stórutjarnaskóli
Grunnskólinn Þingeyri
Varmárskóli
Háaleitisskóli Rnes.
Víðistaðaskóli
Holtaskóli
Þingeyjarskóli
Hríseyjarskóli
Öxarfjarðarskóli

2020

Flóaskóli
Grunnskóli Hornafjarðar
Grunnskólinn Hofgarði
Hlíðarskóli
Lundar skóli
Sunnulækjarskóli
Auðarskóli
Álftanesskóli
Djúpavogsskóli
Grunnskóli Drangsness
Grunnskólinn Hólmavík
Seyðisfjarðarskóli
Öldutúnsskóli

Grunnskólar sem áætlað er að meta 2021

Arnarskóli

Krikaskóli

Grunnskólinn í Borgarnesi

Sandgerðisskóli

Víkurskóli - Vík í Mýrdal

Grunnskóli Seltjarnarness

Setbergsskóli

Grunnskólinn í Stykkishólmi

Valsárskóli

Þelamerkurskóli

Hofstaðaskóli

Grunnskólinn á Þórshöfn

Gerðaskóli

Grunnskóli Vestmannaeyja

Skarðshlíðarskóli

Urriðaholtsskóli

Helgafellsskóli

Varmahlíðarskóli

Árskóli

Súðavíkurskóli

Grunnskólinn á Ísafirði

Fellaskóli, Fellabæ

Viðauki 2

Ferli og tímalína ytra mats grunnskóla



Þrjú mánuðir líða frá vettvangi þar til skýrsla er opinber

Verkefni	Skóli boðaður í ytra mat	Samskipti við skóla vegna gagna og skipulags	Vettvangsathugun	Drög að skýrslu send skólastjóra og sveitarstjóra	Frestur til að gera athugasemdir við skýrsludrög	Lokaskýrsla send skólastjóra og sveitarstjóra ásamt glærukynningu á niðurstöðum. Foreldrabréf. Skýrsla opinber og birt fljótlega á vef MMS.	Viðbrögð/umbótaáætlun sveitarfélags og skóla berist til MMS	Samskipti um umbótaáætlun, þar til hún er samþykkt af MMS.
Tími	Í október eða júní	Sex vikum fyrir vettvang	Minnst átta vikum eftir boðun	Fjórum vikum eftir vettvang	Viku eftir móttöku draganna	Sex vikum eftir vettvang	Sex vikum eftir lokaskýrslu það er þremur mánuðum eftir vettvangsathugun	Birting sem fyrst




MENNTAMÁLASTOFNUN
2352